


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	LIM103 - Listir Menning Kennsluáætlun Haustönn 2013	
Síða 1 af 2		

Kennari	Guðmundur Ármann Sigurjónsson	Sk.st.	GÁR
	Arna G. Valsdóttir		AVA

Viðtalstímar: GÁR - þriðjudagur 10.00 - 10.45 – netfang: garmann@vma.is

AVA - þriðjudagur 11.25 - 12.10 – netfang: arna@vma.is

Áfangalýsing:

Nemendur kynna sér fagurfræðilegar og hugmyndalegar forsendur lista og hvernig þróun þeirra tengist breytingum samfélagsins. Hvernig trúarbrögð, tæknilegar nýjungar, þróun í vísindum, efnafræði og stjórnmálum hafa áhrif. Hvernig listin breytist og nýjar stefnur taka við hver af annarri í einni keðjuverkun. Hvernig listirnar, bókmenntirnar, tónlistin, leiklistin, dansinn, hönnun umhverfis, hafa áhrif hvert á annað. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér íslenskar sjónlistir og hvernig þróun og víxlverkun listgreina og samfélags móta þann nútíma sem við lifum í.

Kennsla:

Fyrirlestrar, umræður, vettvangsheimsóknir, hópavinna og einstaklingsverkefni. Hóparnir, eða hver nemandi fá verkefni sem tengjast viðfangsefni áfangans og skila verkefnamöppu. Þá fá nemendur hver og einn eða í hóp þjálfun í að kynna fyrir hvert öðru viðfangsefnið, setja það fram með einhverjum þeim hætti sem þeir ákveða.

Kennsluáðferðir:


Fyrirlestrar, einstaklingsvinna, tvíburavinna, hópavinna, leitarnám og vettvangsferðir.

Kennslugögn:

Bækur, myndbönd, glærur, litskyggjur, internet. Nemendur þurfa að hafa með sér í tíma glósubók og skriffæri og mælt er með að þeir vinni í skissubækur.

Áætlun um yfirferð:

- Fjórir fyrirlestrar verða á önninni (nöfn og dagsetningar koma síðar)
- Í fyrstu er farið í tengsl samfélags og lista.
- Þá er farið í einstakar stefnur listasögunnar og byrjað á endurreisninni.
- Síðan er þróun stefna í listasögunni fylgt og endað á pop-listinni um 1960

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	LIM103 - Listir Menning Kennsluáætlun Haustönn 2013	
Síða 2 af 2		

Gestafyrirlestrar:

Nemendur mæta á 4 gestafyrirlestra á haustönn 2013
Hver fyrirlestur stendur sem nemur einni kennslustund og fá nemendur frí í tíma á móti. Nemendur skila einstaklings eða hópverkefni eftir hvern fyrirlestur.

Skil:

Nemendur vinna í glósu/skissubók, sem er skilað í lok annar. Nemendur vinna tímaverkefni í hópum sem þeir kynna í tímum og þeir skila fjórum stærri verkefnum sem unnin eru út frá gestafyrirlestrum.

Námsmat:

Próflaus áfangi, símat. Gefið er fyrir ástundun, virkni í tímum, glósu/skissubók, einstaklings og hópaverkefni og flutning á tímaverkefnum.

Vægi námsþátta:

Ástundun og virkni í tímum 10%
Verkefni út frá gestafyrirlestrum 50%
Glósubók 30%
Tímaverkefni 10%

Mætingarskylda í áfanganum er 100%

Með fyrirvara um breytingar
Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils